

Minnisblað

Viðtakandi: Skipulagsnefnd

Efni: Grenndarstöð við Vefarastræti – Minnisblað athugasemda og umsagnir

Dags: 10. október 2023

Málsnúmer: 202307225

Sendandi:

Forsaga:

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti 16. ágúst 2023 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Helgafellshverfis skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan felur í sér að koma fyrir grenndarstöð við Vefarastræti í samræmi við áætlun um fjölgun grenndarstöðva og innleiðingu hringrásarhagkerfisins.

Tillagan var aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar, vef Mosfellsbæjar og í þjónustuveri Mosfellsbæjar. Óskað var eftir umsögn eða athugasemd um deiliskipulagstillöguna og var athugasemdafrestur frá 15. ágúst til og með 4. október 2023.

Umsagnir eða athugasemdir bárust frá Auði Björk Þórðardóttur, Sylvíu Magnúsdóttur, Gunnari Inga Hjartarsyni og Elínu Maríu Jónsdóttur, allar umsagnir/athugasemdir eru nú aðgengilegar á vef Skipulagsstofnunar, - <http://skipulagsgatt.is>.

Umsagnir og athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma voru kynntar á 598. fundi skipulagsnefndar Mosfellsbæjar þann 20.10.2023

Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar þakkar veittar umsagnir.

Meðferð:

Athugasemdir og umsagnir voru fjórar talsins. Þær voru nokkuð áþekkar og fjalla um ásýnd, umhirðu og umferð. Eftir umfjöllun nefndarinnar fékk umhverfissvið umferðarráðgjafa Mosfellsbæjar, í umferðaröryggismálum, til þess að rýna tillöguna sérstaklega með tilliti til umferðar. Hverri umsögn er svarað efnislega en einnig var unnin heildar samantekt í samræmi við greiningar EFLU.

Umsagnir:

Meðfylgjandi er samantekt helstu efnislegra þátta athugasemda er varða kynnta skipulagstillögu og markmið hennar.

Umsagnir/athugasemdir	Svar
Auður Björk Þórðardóttir, 27.08.2023	
<p>Spurt er um útlit grenndarstöðvarinnar, hver sinni umhirðu og hvort búið sé að ganga úr skugga um að ekki sé verið að skapa enn einn blindpunktinn í þessa þröngu götu.</p> <p>Bent er á að Mosfellsbær hafi ekki gengið vel að sinna umferðareyjum við Vefarastræti hingað til og erfiðlega hafi gengið að sinna snjómokstri á svæðinu.</p>	<p>Mosfellsbær þakkar veitta umsögn. Mikilvægt er að tryggja öryggi vegfarenda í umferðinni. Mosfellsbær hefur látið meta umferðaröryggi og greina aðstæður á svæðinu. Unnið verður eftir tillögum og merkingar bættar. Sjá samantekt.</p> <p>Vegna fjarlægðar grenndarstöðvar frá götu og gatnamótum er ekki talið að hún geti valdið blindpunktum í umferðinni þar sem um hægfara umferð bílastæða er að ræða.</p> <p>Endanlegt útlit grenndarstöðvarinnar liggur ekki fyrir. Almenn er um malbikað eða hellulagt svæði að ræða með lýsingu og trégrindverki sem umlykur svæðið.</p> <p>SORPA hefur umsjón með grenndargámum fyrir hönd sveitarfélaganna og Mosfellsbær sér um umhverfiseftirlit í hverfum bæjarins, svo sem snjóruðning, viðhald og rekstur gatna, holræsa, veitna, umferðarmannvirkja og opinna svæða. Ef áhrif grenndarstöðvarinnar verða einhver á snjóruðning á svæðinu er líklegra að það sé í bættri þjónustan þar sem ávallt mun þurfa að tryggja gott aðgengi að grenndarstöðinni.</p>
Sylvía Magnúsdóttir, dags. 24.09.2023	
<p>Líst ekki á þessa staðsetningu fyrir grenndarstöð ef þessu verður ekki sinnt nógu vel. Bent er á að nú þegar sé mikill ágangur og sóðaskapur sem hlýst af því að búa við hlið Helgafellsskólans. Eins er lýst áhyggjum af snjómokstri á svæðinu.</p>	<p>Mosfellsbær þakkar veitta umsögn. SORPA hefur umsjón með grenndargámum fyrir hönd sveitarfélaganna og Mosfellsbær sér um umhverfiseftirlit í hverfum bæjarins, svo sem snjóruðning, viðhald og rekstur gatna, holræsa, veitna, umferðarmannvirkja og opinna svæða. Ef áhrif grenndarstöðvarinnar verða einhver á snjóruðning á svæðinu er líklegra að það sé í bættri þjónustan þar sem ávallt mun þurfa að tryggja gott aðgengi að grenndarstöðinni.</p>
Gunnar Ingi Hjartarson, dags. 03.10.2023	

Lýsir áhyggjum sínum varðandi umferðaröryggi og aukins álags á svæðinu.	Mosfellsbær þakkar veitta umsögn. Mikilvægt er að tryggja öryggi vegfarenda í umferðinni. Mosfellsbær hefur látið meta umferðaröryggi og greina aðstæður á svæðinu. Unnið verður eftir tillögum og merkingar bættar. Heimild verður innfærð í deiliskipulagið með möguleika a lagfæringu gatnamóta bílastæðis við Vefarastræti. Sjá samantekt.
Elín María Jónsdóttir, dags. 04.10.2023	
Lýsir áhyggjum sínum varðandi umferðaröryggi og myndi vilja djúpgáma svo að blindpunktunum í hverfinu fjölgi ekki.	Mosfellsbær þakkar veitta umsögn. Mikilvægt er að tryggja öryggi vegfarenda í umferðinni. Mosfellsbær hefur látið meta umferðaröryggi og greina aðstæður á svæðinu. Unnið verður eftir tillögum og merkingar bættar. Sjá samantekt. Sveitarfélagið lítur til þess að í framtíðinni geti grenndarstöðvar orðið að djúpgámastöðvum. Skipulagsbreytingin gefur kost á hvoru tveggja.

Samantekt:


Grenndarstöðin við Vefarastræti er hluti af áætlun Mosfellsbæjar í innleiðingu hringrásarhagkerfisins og færa flokkun og skil á endurvinnanlegu efni nær íbúum sveitarfélagsins. Markmiðið er að allir íbúar búi í nálægð við slíka staði þar sem hægt er að skila þeim úrgangsflokkum sem endurvinna megi betur með einum eða öðrum hætti. Stöðvarnar verða misstórar eftir staðsetningu og fjölda íbúa sem þær þjóna. Í sveitarfélaginu eru nokkrar slíkar stöðvar fyrir eða svæði þar sem flokkunar- og móttökugámum hefur verið komið fyrir með aðgengilegum hætti. Deiliskipulagsbreytingin við Vefarastræti er önnur skipulagsbreytingin sem tekur mið af þessari þróun en þegar hefur skipulagi við Bogatanga verið breytt svo koma megi fyrir vönduðu móttökusvæði í þeim hluta bæjarins.

Við undirbúning verkefnisins um innleiðingu hringrásarhagkerfisins og staðarval nýrra grenndarstöðva funduðu starfsmenn umhverfissviðs um þær tillögur sem lagaðar voru bæði fyrir umhverfisnefnd og skipulagsnefnd til umfjöllunar. Staðarvalið gerði ráð fyrir að breyta nokkrum stöðum eða lagfæra þær. Einnig voru innfærðar nýjar stöðvar og búnaður færður til eftir svæðum. Stefnt er að því að koma grenndargámasvæðum í framkvæmd eins fljótt og unnt er.

Í Helgafellshverfi skipti máli að finna svæði sem væri í nálægð við góðar umferðaræðar en samt í göngufjarlægð við stærstan hluta byggðar. Markmiðið er ekki að jaðarsetja flokkunarsvæðið heldur að stuðla að aukinni notkun þess, umhirðu og aðgengi svæðis með öðrum ferðamátum en einkabíl. Við staðarvalið var það mikilvægt að hægt væri að koma nýju svæði fyrir án þess að það trufla umferð, hafa áhrif á gönguleiðir eða kalla á verulegt rask. Í deiliskipulagi Helgafellshverfi (1. áfangi – Augað) er gert ráð fyrir fjórum torgum í hverfinu. Tvo torg við Vefarastræti og tvo við Gerplustræti. Torgin eru ekki útfærð sérstaklega en eru helst rými skapast sökum einstakrar lögunar gatna í hverfinu. Torgin við Gerplustræti eru með þeim hætti að annað er hluti skólalóðar við hringtorg en hitt er staðsett ofarlega

Í jaðri hverfisins þar sem Gerplutorg hefur verið vandlega frágengið sem áningarstaður. Þóttu hvorug þeirra koma til greina. Torgin við Vefarastræti þóttu því fýsilegri kostur. Austara torgið skartar stoppustöð Strætó en aðgengi þess er takmarkað sökum þess að það er hluti af bílastæði leigulóðar íbúa Vefarastrætis 15-19. Aðkoma akandi var því um einstefnu við Helgafellsskóla. Vestara torgið, Torg 4, er miðjusettt í hverfi með tilliti til notenda úr Ásahverfi og fyrirhugaðrar viðbótar 6. áfanga Helgafellshverfis. Land og götur Mosfellsbæjar umlykja torgið og því ný sleppistæði innan bæjarlandsins. Sveitarfélagið getur framkvæmt og unnið þær mikilvægu breytingar sem mögulega þarf til á torgi og umhverfi þess með bætt aðgengi í huga. Staðsetning stöðvarinnar inn á þjónustulóðum, svo sem grunn- eða leikskólalóðinni, þótti ekki æskileg með tilliti til þeirrar umferðar sem þegar er innan og í kringum þær lóðir. Þó Torg 4 sé í nálægð við þjónustuna eru þar ekki alla jafna börn á leik við gámana og kyrrsetta bíla. Ekki þótti æskilegt að huga að staðarvali við Álafossveg eða aðra tengivegi þar sem þörf er á þverun umferðar og göngutengingar litlar.

Þrátt fyrir vandlega rýnt staðarval taldi umhverfissvið þörf á frekari umferðarrýni fagfólks eftir góðar ábendingar íbúa við deiliskipulagsbreytinguna. Verkfræðistofan EFLA var fengin til að skoða breytingu á deiliskipulagi Helgafellshverfis við Torg 4 vegna mögulegrar aukinnar umferðar við torgið. Í rýni ráðgjafa kemur fram sú mikilvæga ábending að skortur er á umferðarmerkingum staðarins, þá um akstursteftur og umferðarflæði sem gildandi deiliskipulag segir til um. Yfirstandandi er endurskoðun umferðaröryggisáætlunar Mosfellsbæjar þar sem rýni umferðarmerkinga er hluti vinnunnar. Í samræmi við tillögur í minnisblaði EFLU mun Mosfellsbær fara í þær mikilvægu umferðarmerkingar á svæðinu sem til þarf svo tryggja megi að umferðarflæði samræmist gildandi áætlunum. Eins og fram kemur í samantekt er á svæðinu í dag ekki skýrt að um einstefnu sé að ræða til vesturs, frá Vefarastræti. Engin umferðarmerki eða yfirborðsmerkingar eru á svæðinu sem segja öikumönnum að um einstefnu sé að ræða. Mælt er með að setja upp umferðarmerki og yfirborðsmerkingar með þeim hætti að ekki sé um villst hvar forgangur liggir. Sjá mynd:



Ráðgjafar EFLU benda einnig á þörf til þess að skoða þveranir frekar og nýjar hraðatakmarkandi aðgerðir. Þveranir eru þegar hluti gildandi deiliskipulags og þarf því ekki að innfæra þær með sérstökum hætti á uppdrátt eftir auglýsingu. Hraðatakmarkandi aðgerðir verða rýndar frekar og innfærðar eftir þörfum inn í nýja umferðaröryggisáætlun fyrir sveitarfélagið í heild. Mikilvægt er að heildarsamhengi hverfis verði þar undir með síðari uppbyggingaráföngum. Mosfellsbær mun ráðast í þær framkvæmdir síðar sem taldar eru nauðsynlegar. Ekki er talin þörf á að innfæra slíkt á breytingaruppdrátt.

Síðast leggja sérfræðingar EFLU sérstaka áherslu á hönnun gatnamóta nýrrar grenndargámastöðvar við Vefarastræti í vestri. Blindhorn svæðisins er því ekki þegar ekið er inn á svæðið næst nýju flokkunargámunum heldur þegar ekið er út af því inn á Vefarastræti að nýju. Tengingin er ekki hornrétt á umferðargötuna og því er möguleiki á blindpunkti ökumanns sem hvorki sér komandi umferð um rúðu eða spegla. Einnig hafa gatnamótin mögulega skapað mótumferð frá Vefarastrætið til austurs inn einstefnuna í samræmi við umsögn íbúa. Huga þarf að frekari frágangi gangstétta og umferðareyja á svæðinu svo tryggja megi umferð með öruggum hætti. Í minnisblaði EFLU kemur fram tillaga að einfaldri breytingu kantsteina á bæjarlandi sem rýnd verður frekar samhliða öðrum framkvæmdum á staðnum. Umrædd gatnamót hafa verið innfærð í skilgreint breytingarsvæðis deiliskipulagstillögunnar í samræmi við athugasemdir og leiðbeinandi útfærsla teiknuð í samræmi við ráðleggingar fagfólks. Sjá mynd:



Með nýju grenndargámasvæði við Torg 4 í Vefarastræti mun umferð á svæðinu aukast lítillega þar sem íbúar munu eiga tilfallandi erindi á stöðina. Búið er að innleiða nýtt fjórflokkakerfi fyrir hvert heimili og því ekki þörf á að sækja grenndargámastöð reglulega. Ólíklegt er talið að grenndargámar verði sóttir á álagstímum umferðar þegar fólk er í óðagoti við að skutla eða sækja börn í leik- eða grunnskóla, á leið sinni í og úr vinnu. Með tilfærslu á móttöku endurvinnanlegs efnis inn í hverfin gefast fleiri tækifæri til þess að nálgast svæðið á betri tímum. Með bættum merkingum megi tryggja umferðaröryggi svæðisins.

Innfært hefur einnig verið í texta deiliskipulags að umferðarmerkingar verði í samræmi við umferðarflæði skipulagsins og að nálægur frágangur á kantsteinum og hellulögn geti tekið breytingum með tilfærslum og niðurtækt. Útfærsla í deiliskipulagi er leiðbeinandi og skal framkvæmd í samræmi við gatna- og umferðarhönnun.

Tillaga:

Skipulagsnefnd samþykki deiliskipulagsbreytingu grenndargámastöðvar við Vefarastræti efnislega óbreytta. Uppfært skipulagið fjallar bæði um inn og útakstur svæðisins með heimild til minniháttar breytinga á gatnamótum í samræmi við innsendar athugasemdir og rýni fagfólks.

*Virðingarfyllt,
Kristinn Pálsson*